

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/27/24

frá 10. desember 2014

um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 21 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

(tilkynnt með númeri C(2014) 9334)

(2014/895/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 2012/18/ESB er gerð sú krafa til aðildarríkjanna að þau veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar á sérstöku skýrslusniði um starfsstöðvar sem sú tilskipun nær til.
- 2) Skýrslusniðið ætti að gefa aðildarríkjunum færi á að miðla samandregnum upplýsingum til að hámarka notagildi og samanburðarhæfi þeirra upplýsinga sem veittar eru og lágmarka stjórnsýsluálag fyrir aðildarríkin og að sama skapi virða kröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB⁽²⁾ um að koma á grunngerð fyrir landsupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 96/82/EB⁽³⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar, sem um getur í 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2012/18/ESB, og nota til þess skýrslusniðið sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Að því er við kemur færslum sem þegar eru í gagnagrunninum verður farið yfir þær upplýsingar fyrir 31. desember 2016.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtið. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13).

VIÐAUKI

Snið til að miðla upplýsingum í samræmi við 3. mgr. 21 gr. tilskipunar ráðsins 2012/18/ESB

Skylt er að fylla út öll svæði sem eru stjórnumerkt.

Merkja skal trúnaðarupplýsingar sem slíkar og, fyrir sérhverja tegund gagna, tiltaka ástæður synjunar í samræmi við 4. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB⁽⁴⁾.

1. 1. hluti - Auðkenningarkerfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ECAS)

Í öryggisskyni mun notandinn í aðildarríkinu einungis geta fengið aðgang að eSPIRS með því að skrá sig inn í auðkenningarkerfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ECAS) með því að veita eftirfarandi skyldubundnar notandaupplýsingar:

- a) *Nafn**: nafn notanda
- b) *Kenninafn**: kenninafn notanda
- c) *Tölvupóstur**: tölvupóstfang notanda
- d) *Hlutverk notanda**: Landsbundinn skýrslugjafi eða landsstjórnandi

Þegar staðfest hefur verið hver notandinn er verður honum beint til MINERVA-gáttarinnar sem er á vegum skrifstofunnar um stórslysahættu þar sem eSPIRS-gagnagrunnurinn er vistaður. Notendaréttindi í eSPIRS-gagnagrunninum verða veitt í samræmi við hlutverk notandans.

2. 2. hluti - Upplýsingar sem skal skila inn til eSPIRS

Notandinn skal veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir annaðhvort með því að nota skýrslusniðið á Netinu þar sem hægt er flytja inn gögn sjálfstætt fyrir hverja og eina starfsstöð eða útflutningstól fyrir hvert og eitt land með því að nota XML-sniðmátið fyrir eSPIRS fyrir sjálfvirkan innflutning á upplýsingunum sem eru í landsbundnum/svæðisbundnum/staðbundnum gagnagrunni/gagnagrunnum í eSPIRS.

2.1. Lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf

- a) *Heiti**: Opinbert heiti lögbæra yfirvaldsins sem annast skýrslugjöf
- b) *Heimilisfang**: Götuheiti þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett
- c) *Borg**: Borg, bær eða þorp þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett
- d) *Póstnúmer**: Póstnúmer þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett
- e) *Land**: Land þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett
- f) *Athugasemdir*: Athugasemdir sem notandi kann að vilja bæta við varðandi lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf

2.2. Heiti og starfsemi starfsstöðvar

- a) *Staða samkvæmt Seveso-tilskipuninni**: [Samkvæmt Seveso III-tilskipuninni er staða starfsstöðva tvenns konar í stigskiptu kerfi: þar sem gerðar eru strangari kröfur og þar sem gerðar eru vægari kröfur]
- b) *Heiti**: Heiti Seveso-starfsstöðvar sem gefin er skýrsla um í eSPIRS
- c) *Móðurfélag*: Eignarhaldsfélag/móðurfélag starfsstöðvarinnar
- d) *Persónubundinn kóði*: Kóði sem notandinn getur slegið inn ef hann vill ennþá nota gamla kóðakerfið í eSPIRS
- e) *Tegund atvinnugreinar og/eða kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins**: Ef starfsstöð tengist fleiri en einum SPIRS-kóða og/eða kóða atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins skal gera greinarmun á milli aðalstarfsemi og aukastarfsemi.
 - 1) Tegund atvinnugreinar sem tilgreina skal í samræmi við SPIRS-kóðana í Seveso-tilskipuninni:
 - 1) Landbúnaður
 - 2) Fristunda- og íþróttastarfsemi (t.d. skautasvell)
 - 3) Námuvinnsla (úrkast & eðlisefnafræðileg vinnsla)

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stj.útd. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

- 4) Vinnsla málma
- 5) Vinnsla járnríkra málma (málmsteypa, bræðsla, o.s.frv.)
- 6) Vinnsla járnlausra málma (málmsteypa, bræðsla, o.s.frv.)
- 7) Vinnsla málma með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum
- 8) Jarðolíu-/jarðgashreinsunarstöðvar/olíuhreinsunarstöðvar
- 9) Orkuframleiðsla, birgðir og dreifing
- 10) Geymsla eldsneytis (þ.m.t. hitun, smásala, o.s.frv.)
- 11) Framleiðsla, eyðing og geymsla sprengiefna
- 12) Framleiðsla og geymsla skotelda
- 13) Framleiðsla, átöppun og búlkadreifing fljótandi jarðolíugass
- 14) Geymsla fljótandi jarðolíugass
- 15) Geymsla og dreifing fljótandi jarðgass
- 16) Geymsla og dreifing fyrir heildsölu og smásölu (að undanskildu fljótandi jarðolíugasi)
- 17) Framleiðsla og geymsla varnarefna, sæfiefna, sveppaeyða
- 18) Framleiðsla og geymsla áburðar
- 19) Lyfjaframleiðsla
- 20) Geymsla, meðhöndlun og förgun úrgangs
- 21) Vatn og skólp (söfnun, birgðir, meðhöndlun)
- 22) Efnaverksmiðjur
- 23) Framleiðsla á lífrænum grunnefnum
- 24) Framleiðsla á plasti og gúmmí
- 25) Framleiðsla og vinnsla á pappírsmauki og pappír
- 26) Meðhöndlun á við og húsgagnaiðnaður
- 27) Framleiðsla og meðferð á textílefnunum
- 28) Framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum
- 29) Almenn verkfræði, framleiðsla og samsetning
- 30) Skipasmíðar, niðurrif skipa og skipaviðgerðir
- 31) Bygginga- og verkfræðistarfsemi
- 32) Leir (múrsteinar, leirvörur, gler, sement, o.s.frv.)
- 33) Glerframleiðsla
- 34) Framleiðsla á sementi, kalki og gífsi
- 35) Rafeindatækni og rafmagnsverkfræði
- 36) Afgreiðslu- og flutningamiðstöðvar (hafnir, flugvelli, stöðvar fyrir vöruflutningabifreiðar, röðunar-svæði, o.s.frv.)
- 37) Heilbrigðisgeirinn, rannsóknir, menntun (þ.m.t. sjúkrahús, háskólar, o.s.frv.)
- 38) Almenn framleiðsla iðefna (ekki tilgreind að öðru leyti í upptalningunni)
- 39) Önnur starfsemi (ekki tilgreind að öðru leyti í upptalningunni)

2) *Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins*: NACE-flokkunarkerfið er evrópskur atvinnugreina-staðall sem tengist hagskýrsluflokkun atvinnustarfsemi og felur í sér kóða með 6 tölustöfum. Notandinn kann að vilja tengja starfsstöðina, sem fellur undir Seveso-tilskipunina, við þetta flokkunarkerfi, með tilvísun til fyrstu 4 tölustafanna, til viðbótar við eða sem annan valkost við SPIRS-kóðana.

- f) *Tengill á vefsetrið þar sem er að finna meiri upplýsingar um starfsstöðina**
- g) *Auðkenni í tengslum við Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (E-PRTR)*: Ef starfsstöðin fellur að hluta eða að fullu undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ⁽⁵⁾ gefið upp einkvæmt landsbundið kennimerki til að gefa skýrslu um stöðina samkvæmt þeirri reglugerð sem og tengil á viðkomandi vefsetur.
- h) *Auðkenni í tengslum við tilskipunina um losun í iðnaði (IED-tilskipunin)* (að því er varðar gögn frá 2016 og áfram): Ef starfsstöðin fellur að fullu eða að hluta undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽⁶⁾ (<http://ec.europa.eu/environment/air/pollutants/stationary/ied/legislation.htm>), gefið upp öll viðkomandi einkvæm landsbundin kennimerki fyrir stöðina, að því er varðar þá tilskipun, sem og tengil á viðkomandi vefsetur.
- i) *Athugasemdir varðandi starfsstöð*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi starfsstöðina sem upplýsingar eru lagðar fram um

2.3. Staðsetning starfsstöðvar* fullt heimilisfang eða hnit fyrir breiddar-/lengdargráðu

- a) *Heimilisfang**: Götuheiti, húsnúmer og borg þar sem starfsstöðin er staðsett
- b) *Breiddargráða**: Hnit fyrir breiddargráðu starfsstöðvarinnar (ef ekkert heimilisfang er gefið upp)
- c) *Lengdargráða**: Hnit fyrir lengdargráðu starfsstöðvarinnar (ef ekkert heimilisfang er gefið upp)
- d) *Athugasemdir varðandi starfsstöð*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi heimilisfang starfsstöðvarinnar

2.4. Efni sem eru fyrir hendi í starfsstöðinni

- a) *Efni (samkvæmt Seveso III-tilskipuninni)*: Almenn heiti eða samheiti eða hættuflokkun
- b) *CAS-númer*: CAS-skráningarnúmer er einkvæmt tölulegt kennimerki, er tengt einungis einu efni, hefur enga efnafræðilega þýðingu og er tenging við ríkulegar upplýsingar um ákveðið hreint efni. Það getur verið allt að 10 tölustafir, skipt upp í þrjá hluta með bandstrikum. (<http://www.cas.org/content/chemical-substances>)
- c) *Magn*: Magn efna í tonnum
- d) *Eðlisfræðilegir eiginleikar*: Geymslukilyrði sem efnið er geymt við, s.s. ástand (fast efni, vökvaform, gas), kornagerð (duft, kögglar, o.s.frv.), þrýstingur, hitastig, o.s.frv.
- e) *Athugasemdir varðandi efnin*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi efnin sem gefin er skýrsla um að því er varðar starfsstöðina

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunaryrnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).